

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpu GaJa Álfsnes



Dags eftirlits	28.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Sorpu GaJa	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik komu fram í eftirlitinu; annars vegar var grænu bókhaldi ekki skilað sérstaklega fyrir GAJA og hins vegar var styrkur ammóníaks í útblæstri yfir leyfilegum mörkum. Tvær ábendingar voru gerðar; annars vegar varðandi skil á mælingum á ammóníaki og brennisteinsvetni og hins vegar vegna hávaða á lóð. Unnið var skv. samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik sem sneri að því að mælingar höfðu ekki borist á styrk ammóníaks í útblæstri.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits í Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi (GAJA).

GAJA hefur heimild til að taka á móti allt að 30.000 tonnnum á ári af lífrænum heimilisúrgangi og allt að 10.000 tonnnum af fljótandi lífrænum heimilisúrgangi til gasvinnslu og jarðgerðar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti  
Greinargerð um rekstur GAJA var skilað 25. apríl.

Magn lífræns heimilisúrgangs sem barst í stöðina árið 2021 var um 60% af heimiluðu magni skv. starfsleyfi. Magn þess fljótandi lífræna heimilisúrgangs sem barst í stöðina árið 2021 var innan við 5% af heimiluðu magni skv. starfsleyfi.

Sú molta sem GAJA framleiddi, var öll nýtt innan urðunarstaðarins í Álfsnesi, í skógræktarverkefni, uppgæðslu og sem yfirlag á urðunarstaðinn.

Unnið hefur verið skv. samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviks sem kom fram í eftirliti 2021 og varðar það að mælingar vantaði á styrk ammóníaks í útblæstri. Mælingar hafa nú borist og er frávikinu því lokað.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Öllum gögnum skv. gr. 4.1 í starfsleyfi var skilað á tilskildum tíma.

Umhverfisupplýsingum skv. gr. 4.5 var ekki skilað sérstaklega fyrir GAJA. Þess í stað var einni skýrslu skilað fyrir alla starfsemi Sorpu bs. í Álfsnesi.

Mælingar á styrk ammóníaks í útblæstri sýna að flesta daga er styrkur yfir leyfilegum mörkum skv. gr. 3.5 í starfsleyfi.

Hávaða skal skv. gr. 4.2 í starfsleyfi mæla innan lóðar og við lóðamörk á átta ára fresti, fyrst fyrir árslok 2021. Mælingar voru gerðar 22. desember 2021. Niðurstöður mælinga voru að hávaði mældis einungis of mikill (yfir 70 dB) þegar mokstur og blöndun voru í gangi og mælt var fyrir framan opnar móttökudyr.

Brennisteinsvetni hefur verið mælt í andrúmslofti við stöðina síðan í lok júní 2021. Hæsta gildi sem mælst hefur er  $5,48 \mu\text{g}/\text{m}^3$  sem er innan heilsuverndarmarka.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta  
Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

5. Önnur mál  
Þann 17. mars 2022 barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá rekstraraðila, þar sem kom fram að losa þyrfti meltuvökva úr öðrum tanki verksmiðjunnar vegna óeðlilega lítillar gasframleiðlu og mikils flökts á henni. Niðurstaða Umhverfisstofnunar var að um væri að ræða affallsvatn og því þyrfti skv. starfsleyfi að efnagreina vökvann áður en honum yrði fargað í samráði við eftirlitsaðila. Þegar eftirlitið fór fram fengust þær upplýsingar frá rekstraraðila að sýni af meltuvökvanum hefðu verið send í greiningu en ekki stendur til að honum verði fargað.

6. Skoðunarferð  
Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Allt húsnæði og umhverfi var snyrtilegt og engar athugasemdir gerðar þar að lútandi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.5 í starfsleyfi	Grænt bókhald fyrir Sorpu, sem sent var Umhverfisstofnun, fjallar ekki afmarkað um skráningar sem ná yfir starfsemi GAJA.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Styrkur ammóníaks var flesta daga, frá því mælingar hófust, yfir leyfilegum mörkum.



## ÁBENDINGAR


Rekstraraðila er bent á að niðurstöður mælinga á ammóníaki og brennisteinsvetni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. skulu fylgja ársyfirliti.

Rekstraraðila er bent á að tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur, eins og kemur fram í gr. 3.9 í starfsleyfi.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2022



Freyr Evarsson

